Nr. 131 21. desember 2004

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,83 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 9,21 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.277 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.416 kr. og ekki hærra en 41.193 kr. á hverju gjaldtímabili.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.** **Halldór Blöndal.** **Markús Sigurbjörnsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.*